

Staðfesting konungs á skipulagsskrá um Minningarsjóð hjónanna Sigríðar og Jóns Blöndal héraðslæknis, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 3. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig: 13 3. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

minningarsjóð hjónanna Sigríðar og Jóns Blöndal héraðslæknis.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist: Minningarsjóður hjónanna Sigríðar og Jóns Blöndal héraðslæknis.

2. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er með samskotum einstakra manna, fyrir forgöngu frú Ragnheiðar Torfadóttur í Arnarholti, var að upphæð 31. des. f. á rúmar 4000 kr. og skal leggjast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilyrðum að helmingur ársvaxtanna leggist við höfuðstólinn, en hinn helmingurinn falli árlega til útborgunar úr aðaldeildinni. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum til minningar um látna menn og lætur minningarspjöld fyrir. Fjórði hluti minningargjafanna skal lagður við höfuðstól sjóðsins í aðaldeild Söfnunarsjóðsins, en þrem fjórðu hlutum þeirra skal varið, svo sem segir í 4. gr.

4. gr.

Þeim helming ársvaxtanna, sem falla til útborgunar skv. 2. gr. og $\frac{3}{4}$ hlutum minningargjafanna skv. 3. gr., skal varið til þess að styrkja fátæka sjúklinga, sem ekki eru á sveitarframfæri, í þeim 5 hreppum Borgarfjarðarsýslu, sem liggja ofan Skarðsheiðar og 4 efstu hreppum Mýrasýslu, en það er Borgarfjarðarlæknishérað svo og Borgarhreppi og Borgarneshreppi, til að leita sér læknishjálpar. Skal styrkur sá, sem hverjum sjúklingi er veittur, ekki vera minni en 50 kr., en annars eftir því sem efni sjóðsins leyfa. Verði enginn styrkur veittur úr sjóðnum eitthvert ár, leggjast allar tekjur sjóðsins það ár við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins sé skipuð þrem mönnum: héraðslækninum í Borgarfjarðarhéraði, prestinum í Hestþingaprestakalli og prestinum í Stafholts-

- 13** prestakalli. Verði breyting á embættaskipun héraðsins, sem áhrif hefir á um-
 3. marz rædda stjórnarskipun sjóðsins, skulu hreppstjórar í hreppum þeim, sem taldir eru í 4. gr., kjósa stjórn sjóðsins, eða þann hluta hennar, sem úr kann að falla í tilefni af áminnstum breytingum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum hans fyrir umliðið ár fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og sent þá endurskoðendum sjóðsins. Endurskoðendur skulu vera presturinn í Reykholtsprestakalli og frú Ragnheiður Torfadóttir í Arnarholti á meðan hennar nýtur við, en eftir það hreppsstjórinn í Stafholtstungnahreppi.

Reikningur sjóðsins skal lagður fram almenningi til sýnis hjá formanni sjóðstjórnarinnar allan aprilmánuð ár hvert.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Gert í Stafholti, 17. nóv. 1931.

Gíslí Einarsson. Magnús Ágústsson. Eiríkur Albertsson.

14

4. marz

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir

Eyrbakkakauptún.

I. KAFLI.

Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Eyrbakkakauptún, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.